

# SVÆÐISSKIPULAG

Svæðisskipulag er skipulagsáætlun tveggja eða fleiri sveitarfélaga þar sem sett er fram sameiginleg stefna þeirra um byggðapróun og aðra þætti sem þörf er talin á að samræma vegna sameiginlegra hagsmuna. Stefnumörkun svæðisskipulags skal taka til a.m.k. 12 ára.

TÍMI	ÚRVINNSLA
ÁKVÖRÐUN UM GERÐ SVÆÐISSKIPULAGS	<ul style="list-style-type: none"><li>• Sveitarstjórnir tilnefna tvo fulltrúa hver í svæðisskipulagsnefnd sem vinnur tillögu að svæðisskipulagi.</li><li>• Svæðisskipulagsnefnd leitar umsagnar Skipulagsstofnunar um starfsreglur nefndarinnar</li><li>• Svæðisskipulagsnefnd birtir starfsreglur í B-deild Stjórnartíðinda.</li></ul>
LÝSING Á SKIPULAGSVERKEFNINU	<ul style="list-style-type: none"><li>• Svæðisskipulagsnefnd vinnur lýsingu á skipulagsverkefninu þ.m.t. umfang og áherslur í umhverfismati.</li><li>• Svæðisskipulagsnefnd leitar samþykkis hlutaðeigandi sveitarfélaga, umsagnar Skipulagsstofnunar og annarra umsagnaraðila um lýsinguna og kynnir hana fyrir almenningi. Lýsingin skal kynnt sveitarstjórnnum aðliggjandi sveitarfélaga.</li></ul>
KYNNING Á SKIPULAGSTILLÖGU	<ul style="list-style-type: none"><li>• Svæðisskipulagsnefnd kynnir tillögu, forsendur hennar og umhverfisskýrslu fyrir almenningi á almennum fundi eða með öðrum fullnægjandi hætti. Kynningin skal auglýst með áberandi hætti.</li></ul>
AFGREIÐSLA SKIPULAGSTILLÖGU TIL AUGLÝSINGAR	<ul style="list-style-type: none"><li>• Endanleg svæðisskipulagstillaga lögð fyrir hlutaðeigandi sveitarstjórnir til samþykktar.</li><li>• Svæðisskipulagsnefnd sendir Skipulagsstofnun samþykktu svæðisskipulagstillögu ásamt umhverfisskýrslu til athugunar.</li><li>• Skipulagsstofnun kemur athugasemdum á framfæri við svæðisskipulagsnefnd innan 4 vikna frá því að tillagan barst.</li></ul>
AUGLÝSING SKIPULAGSTILLÖGU OG UMHVERFISSKÝRSLU	<ul style="list-style-type: none"><li>• Svæðisskipulagsnefnd auglýsir tillögu að svæðisskipulagi og umhverfisskýrslu í Lögbirtingablaði, dagblaði sem gefið er út á landsvísu og með áberandi hætti í sveitarfélögum, að lágmarki í 6 vikur. Skipulagsgögn skulu liggja frammi hjá hlutaðeigandi sveitarfélögum og Skipulagsstofnun auk þess að vera aðgengileg á netinu.</li><li>• Svæðisskipulagsnefnd sendir Umhverfisstofnun og öðrum umsagnaraðilum skipulagstillögu og umhverfisskýrslu og gefur þeim kost á að koma á framfæri athugasemdum.<sup>1</sup></li><li>• Hver sá sem telur sig eiga hagsmuna að gæta getur gert athugasemdir og skal tilgreint í auglýsingu hvenær athugasemdafrestur rennur út og hvert skal senda athugasemdir.</li></ul>
AFGREIÐSLA EFTIR AUGLÝSINGU	<ul style="list-style-type: none"><li>• Svæðisskipulagsnefnd fjallar um athugasemdir og tekur afstöðu til þess hvort gera skuli breytingar á tillögunni. Nefndin tekur saman greinargerð með rökstuðningi fyrir endanlegri áætlun, þ.e. hvernig umhverfissjónarmið hafa verið felld inn í skipulagsáætlun og brugðist var við athugasemdum. Vöktunaráætlun þarf að fylgja áætlun þegar hún á við.</li><li>• Svæðisskipulagsnefnd sendir innan 12 vikna frá athugasemdafresti hlutaðeigandi sveitarfélögum tillögu til samþykktar, ásamt athugasemdum og greinargerð með afgreiðslu.</li><li>• Sveitarstjórnir senda svæðisskipulagsnefndinni afgreiðslu sína innan 6 vikna.</li><li>• Svæðisskipulagsnefnd sendir samþykktu áætlun til Skipulagsstofnunar, ásamt athugasemdum og greinargerð með afgreiðslu og samþykktir sveitarstjórna.</li><li>• Svæðisskipulagsnefnd auglýsir jafnframt niðurstöðu sína og sendir þeim sem gerðu athugasemdir umsögn sína um þær.</li></ul>
STAÐFESTING SKIPULAGSSTOFNUNAR OG GILDISTAKA SVÆÐISSKIPULAGS	<ul style="list-style-type: none"><li>• Skipulagsstofnun skal innan 4 vikna staðfesta svæðisskipulagið og birta auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.</li><li>• Telji Skipulagsstofnun að synja beri staðfestingu svæðisskipulags skal hún senda tillögu um það til ákvörðunar umhverfisráðherra innan 4 vikna ásamt rökstuðningi.</li><li>• Áður en ráðherra tekur ákvörðun skal hann leita umsagnar svæðisskipulagsnefndar.</li></ul>
ENDURSKOÐUN	<ul style="list-style-type: none"><li>• Að loknum sveitarstjórnarkosningum skal svæðisskipulagsnefnd meta hvort ástæða er til að endurskoða svæðisskipulagið, m.a. með hliðsjón af landsskipulagsstefnu.</li><li>• Ef niðurstaða svæðisskipulagsnefndar er að svæðisskipulagið þarfnist ekki endurskoðunar heldur stefna þess áfram gildi. Svæðisskipulagsnefnd tilkynnir Skipulagsstofnun um þá niðurstöðu.</li></ul>